

110. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 18. ágúst

Fundargerð

Fundurinn fór fram á Teams og hófst hann kl. 13:30

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Þráinn Lárusson og Sæunn Stefánsdóttir. Pálína Margeirsdóttir boðaði forföll og mætti Jón Björn Hákonarson í hennar stað.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

- 1. Fundargerð 109. fundar stjórnar.** Fundargerðin var lögð fram til staðfestingar og verður undirrituð rafrænt.
- 2. Fundaáætlun 2020-2021**
Drög að fundaáætlun 2020-2021 kynnt. Fundaáætlunin verður endurskoðuð ef þurfa þykir í ljósi aðstæðna.
- 3. Staða mála eftir sumarið**
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu nokkurra verkefna í ágúst. Farið var yfir þau verkefni sem unnið hefur verið að á sviði markaðsmála sem og annarra áhersluverkefna sem unnið er að á grundvelli sóknaráætlunar s.s. þróun áfangastaðarins Austurlands sem og Eflingu Egilsstaðaflugvallar. Þá var farið yfir stöðu helstu mála er tengjast skosku leiðinni sem og öðrum verkefnum t.d. SparAustur appinu sem kom inn til Austurbrúar í vor. Rædd var staða ferðapjónustunnar og áhrif breytinga á landamærum á ferðapjónustuna á Austurlandi
- 4. Mannauður og aðbúnaður Jafnlaunavottun**
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna. Austurbrú hefur fengið vottorð frá úttekaraðila um Jafnlaunavottun.

Staða mönnunar

Framkvæmdastjóri fór yfir að Björn Ingi Knútsson myndi koma til starfa 1. september sem yfirverkefnastjóri tímabundið til árs.

Úrvinnsla umsókna um starf verkefnastjóra tengt fræðslumálum er í gangi og bárust alls 17 umsóknir.

Austurbrú auglýsti tvö störf fyrir háskólanema á grundvelli vinnumarkaðsátaks og hafa namar í tölvunarfræði við HR sem ráðnir voru í byrjun sumars verið að vinna í verkefnum tengt markaðsmálum í sumar.

Samband sveitafélaga gekk frá kjarasamningi við Fræðagarð í júlímánuði og var gengið frá leiðréttingum samkvæmt honum um síðustu mánaðarmót.

Húsnæðismál Austurbrúar

Framkvæmdastjóri fór yfir húsnæðismál Austurbrúar á Djúpavogi og Seyðifirði og stöðu þeirra.

5. Önnur mál

- Umræður stjórnar um stöðu ferðapjónustu á Austurlandi og sóknartækifæri fyrir veturinn. Málin rædd og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram á grundvelli umræðunnar.
- Framkvæmdastjóri fór yfir tölur frá Vinnumálastofnun um stöðuna á vinnumarkaði á Austurlandi. Töluvert hefur dregið úr atvinnuleysi í sumar frá því í apríl en von á að atvinnuleysi aukist aftur með haustinu. Áfram verður unnið að greiningu á stöðu atvinnuleysis sem og greiningu á úrræðum í samvinnu við Vinnumálastofnun.

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Jón Björn Hákonarson

Gauti Jóhannesson

Práinn Lárusson

Stefán Bogi Sveinsson

Sæunn Stefánsdóttir

Sigríður Bragadóttir